

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1125**2017/EES/17/09**

frá 10. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í Katsuobushi (þurrkuðum rákungi) og tiltekinni reyktri Eystrasaltssíld (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í matvælum.
- 2) Samkvæmt þeirri reglugerð verða hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni að vera örugg, svo lág sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og skulu byggjast á góðum starfsvenjum í framleiðslu, við þurrkun og í landbúnaði eða fiskveiðum. Árið 2011 sýndu gögn um reyktan fisk að unnt væri að ná lægri hámarksgildum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni og var mælt fyrir um þau í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 835/2011 ⁽³⁾. Samt sem áður var nauðsynlegt í sumum tilvikum að breyta tækni við reykingu. Því var veitt þriggja ára umbreytingartímabil áður en lægri hámarksgildin tóku gildi frá og með 1. september 2014.
- 3) *Katsuobushi* eru hefðbundin japönsk matvæli úr rákungi. Framleiðsluferlið felur í sér flökun, suðu og beinhreinsun og í kjölfarið reykingu eða þurrkun yfir eldiviði. Japönsk yfirvöld hafa nýlega lagt fram gögn sem sýna að þrátt fyrir að góðum starfsvenjum sé beitt við reykingu, eins og framast er unnt, sé ekki hægt að ná lægri gildunum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni fyrir þá afurð. Því þykir rétt að breyta gildandi hámarksgildum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í *Katsuobushi* í þau sem giltu fyrir 1. september 2014.
- 4) Vöruheitið '*Sprotid*' er almennt, hefðbundið heiti í Eistlandi yfir afurð sem getur yfirleitt innihaldið bæði brisling (*Sprattus sprattus*) og Eystrasaltssíld (*Clupea harengus membras*), háð árstíð og fáanleika. Fisktegundirnar eru svipaðar að stærð og eru flokkaðar sem smáir fiskar. Á merkimiða '*Sprotid*' er tekið fram hvort varan inniheldur brisling eða Eystrasaltssíld eða bæði og þá tilgreint hlutfall af hvorri fisktegund. Reykingaferlið fyrir þessa smáu Eystrasaltssíld er það sama og fyrir brisling og eru því gildi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í smárri Eystrasaltssíld svipuð þeim gildum sem eru í reyktnum brislingi. Því þykir rétt að setja sama hámarksgildi fyrir reykta, smáa Eystrasaltssíld og niðursoðna og reykta smáa síld og fyrir reyktan brisling og niðursoðinn, reyktan brisling.
- 5) Löggjöf er varðar sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir hefur verið skipt út og því er nauðsynlegt að breyta tilteknum neðanmálgreinum. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 11.7.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 835/2011 frá 19. ágúst 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í matvælum (Stjtið. ESB L 215, 20.8.2011, bls. 4).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) 6. þáttur: Í stað „Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni“ komi eftirfarandi:

„6. þáttur: Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni

| Matvæli | | Hámarksgildi (µg/kg) | |
|---------|---|--|--|
| 6.1 | Bensó(a)pýren, bens(a)antrasen, bensó(b) flúoranten og krýsen | Bensó(a)pýren | Summa bensó(a)pýrens, bens(a)antrasens, bensó (b)flúorantens og krýsens ⁽⁴⁵⁾ |
| 6.1.1 | Olía og feiti (að undanskildu kakósmjöri og kókosfeiti), ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum | 2,0 | 10,0 |
| 6.1.2 | Kakóbaunir og afleiddar afurðir | 5,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2013 | 35,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2013 til 31.3.2015 30,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2015 |
| 6.1.3 | Kókosfeiti, ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum | 2,0 | 20,0 |
| 6.1.4 | Reykt kjöt og reyktar kjötafurðir | 5,0 til 31.8.2014 2,0 frá og með 1.9.2014 | 30,0 frá og með 1.9.2012 til 31.8.2014 12,0 frá og með 1.9.2014 |
| 6.1.5 | Reykt fiskhold og reyktar lagarafurðir ⁽²⁵⁾ ⁽³⁶⁾ , að undanskildum lagarafurðum sem eru tilgreindar í lið 6.1.6 og 6.1.7. Hámarksgildið fyrir reykt krabbadýr gildir fyrir kjöt af vöðvum af útlimum og afturból ⁽⁴⁴⁾ . Ef um er að ræða reykt krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (<i>Brachyura</i>) og krabbar af ættinni <i>Anomura</i>) gildir hámarksgildið fyrir kjöt af vöðvum af útlimum. | 5,0 til 31.8.2014 2,0 frá og með 1.9.2014 | 30,0 frá og með 1.9.2012 til 31.8.2014 12,0 frá og með 1.9.2014 |
| 6.1.6 | Reyktur brislingur og reyktur niðursoðinn brislingur ⁽²⁵⁾ ⁽⁴⁷⁾ (<i>Sprattus sprattus</i>), reykt Eystrasaltssíld ≤ 14 cm að lengd og reykt niðursoðin Eystrasaltssíld ≤ 14 cm að lengd ⁽²⁵⁾ ⁽⁴⁷⁾ (<i>Clupea harengus membras</i>), Katsuobushi (þurrkaður rákungur, <i>Katsuwonus pelamis</i>), samlokur (ferskar, kældar eða frystar) ⁽²⁶⁾ , hitameðhöndlað kjöt og hitameðhöndlaðar kjötafurðir ⁽⁴⁶⁾ , seld lokaneytanda | 5,0 | 30,0 |
| 6.1.7 | Samlokur ⁽³⁶⁾ (reyktar) | 6,0 | 35,0 |
| 6.1.8 | Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ⁽³⁾ ⁽²⁹⁾ | 1,0 | 1,0 |
| 6.1.9 | Ungbarnablöndur og stoðblöndur, þ.m.t. mjólk fyrir ungbörn og stoðmjólk ⁽⁸⁾ ⁽²⁹⁾ | 1,0 | 1,0 |
| 6.1.10 | Sérfaði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi ⁽⁹⁾ ⁽²⁹⁾ , ætlað sérstaklega fyrir ungbörn | 1,0 | 1,0 ⁴⁴ |

2) Í stað neðanmálgreinar ⁽²⁶⁾ komi eftirfarandi neðanmálgrein:

„⁽²⁶⁾ Matvæli sem falla undir flokka c og i í skránni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1379/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1184/2006 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjttíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 1), eftir því sem við á (tegundir gefnar upp í viðkomandi færslu). Ef um er að ræða þurrkuð, þynnt, unnin og/eða samsett matvæli gilda 1. og 2. mgr. 2. gr. Ef um er að ræða *Pecten maximus* á hámarksgildið eingöngu við um dráttarvöðva og kynkirtil.“

3) Í stað neðanmálgreinar ⁽³⁶⁾ komi eftirfarandi neðanmálgrein:

„⁽³⁶⁾ Matvæli í þessum flokki eins og skilgreint er í flokkum b, c og i í skránni í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1379/2013.“
